

# Minnisblað

Til: Bæjarráðs  
Frá: Stefanía Helga Ásmundsdóttir  
Dags. 16. október 2020  
Mnr. 2020030035



ÍSAFJARÐARBÆR

## Ósk um leyfi fyrir kaupum á minni snjótroðara haust 2020.

Lagt er fram minnisblað sviðstjóra skóla- og tómstundasviðs fyrir hönd forstöðumanns skíðasvæðis um ósk um leyfi fyrir að hefja ferli á kaupum á sérhæfum snjótroðarar haustið 2020. Kaupin fara inn á fjarhagsáætlun 2021.

Mikill og langur undirbúningur hefur farið í að meta þörfina á kaupum á minni snjótroðara fyrir skíðasvæði Ísafjarðarbæjar. Ljóst er að þörfin er til staðar og mun troðarinn auka fjölbreytileika skíðasvæðis ásamt því að Ísafjarðarbær styrkir sig sem Heilsueflandi samfélag og skíðabærinn Ísafjörður styrkir stöðu sína á landsvísu. Troðarinn er sérhæfur fyrir gönguskíðasvæði og mun hann leysa eldri troðara af hendi og í leiðinni skapast rými til þess að selja eldri troðarann þegar reynsla er komin á þann nýja. Troðarinn mun auka fjölbreytileika og búa til fjölbreyttari gönguskíðaspor. Auðvelt er að flytja hann milli staða sem kemur sér vel fyrir alla okkar byggðarkjarna og gefur í leiðinni færi á því að útbúa gönguskíðaspor á öðrum svæðum eins og inn í Tunguskógi með auðveldari hætti. Troðarinn eykur einnig fjölbreytileikann á skíðaiðkun í Tungudal þar sem troðarinn getur búið til fjölbreyttari palla sem eykur skemmtanagildi fyrir snjóbretti og freestyles skíði. Troðarinn getur einnig mokað stæðið fyrir fram gönguskíðaskálann.

Troðarinn er ódýrari í innkaupum og reksturinn á honum er hagkvæmari að öllu leiti og mun lækka rekstarkostnað á snjótroðurum Ísafjarðarbæjar.

Óskað er eftir því að hefja innkaupaferlið sem fyrst þar sem framleiðslutíminn tekur 6 mánuði hið minnsta. Grunnur að tilboðsgögnum liggja fyrir sem auðveldar og flýttir fyrir vinnunni sem getur þó tekið tíma.

Verð á minni snjótroðara er á bilinu 190.000, - 200.000,-evrur með VSK og flutningi milli byggðarkjarna.